

Fundargerð. Stjórnarfundur nr. 111.

Stjórnarfundur Norðurá bs., haldinn í Stekkjarvík, fimmtudaginn 22. Júní kl. 15.00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Sveinn F. Úlfarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og áheyrnarfulltrúinn Snorri Finnlaugsson. Pétur Arason boðaði forföll. Einnig sat fundinn Elvar Bjarki Gíslason, verkstjóri hjá Norðurá bs. Hrefna Jóhannesdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- Fundargerðir stjórnarfundar 110
- Niðurstaða útboðs fyrir Stækkun urðunarhólfs.
 - Fundargerð opnunarfundar tilboða.
 - Tillaga um samning við verktaka.
 - Tillaga um samning um eftirlit framkvæmda.
- Fjármögnun / lántaka vegna framkvæmdanna.
- Staða og horfur í rekstri
- Starfsmannamál (trúnaðarmál)
- Önnur mál

Fundargerð:

1. Fundargerðir stjórnarfundar 110

Fundargerð stjórnarfundar nr. 110, undirrituð og samþykkt formlega.

2. Niðurstaða útboðs fyrir Stækkun urðunarhólfs.

a. Fundargerð opnunarfundar tilboða.

Fundargerð opnunarfunda tilboða var lögð fram til kynningar. Ekki komu fram athugasemdir við hana.

b. Tillaga um samning við verktaka.

Stjórn yfirfór minnisblað Efla verkfræðistofu, dags. 20.06.2023, um mat á tilboðum sem bárust í verkið. Í minnisblaðinu kemur fram að farið hefur verið yfir öll fylgigögn með tilboði lægstbjóðanda og athugað hvort útreikningur á tilboðsblaði sé réttur. Engar athugasemdir voru við tilboðið eða fylgigögn og mælir Efla með að gengið sé til samninga við Árna Helgason ehf um verkið. Stjórn samþykkir að ganga til samninga við lægstbjóðanda í verkið, Árna Helgason ehf. og felur Magnúsi B. Jónssyni, formanni stjórnar að undirrita verksamning og önnur gögn er samninginn varðar fyrir hönd stjórnar.

c. Tillaga um samning um eftirlit framkvæmda.

Magnús gerði grein fyrir samtali við Stoð ehf sem fólst í því að verkfræðistofan annist eftirlit með verkinu „Urðunarstaðurinn Stekkjarvík, Húnabyggð – stækkun III“. Stoð ehf hefur áður annast sambærilegt verk fyrir Norðurá bs. Stjórn telur framkomið verðtilboð ásættanlegt.

Stjórn felur Magnúsi að gera samning við Stoð ehf. vegna eftirlits með framkvæmdum.

3. Fjármögnun / lántaka vegna framkvæmdanna.

Stjórn Norðurár bs samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 170.000.000 kr. til allt að 16 ára. Lántakan er til að fjármagna stækkun urðunarstaðar að Stekkjarvík við Sölvabakka í Húnabyggð sem fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Margeiri Friðrikssyni kt. 151060-3239, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Norðurár bs að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Norðurár bs sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirsmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Skilyrði Lánasjóðs sveitarfélaga til lánveitingarinnar er að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði standa einfaldar óskiptar ábyrgðir allra eigenda sem eru;

- Sveitarfélagið Skagafjörður.....68,25%
- Húnabyggð.....21,61%
- Sveitarfélagið Skagaströnd.....8,52%
- Skagabyggð.....1,62%,

Aðildarsveitarfélögin veita ábyrgð sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Norðurá bs. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélaganna, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

Stjórnin samþykkir því að leita til aðildarsveitarfélagana um framangreinda ábyrgð.

4. Staða og horfur í rekstri

Elvar Bjarki Gíslason fór yfir stöðu og horfur í rekstri.


Fyrstu þrjú mánuði ársins hefur verið tekið á móti 9.511.648 kg af sorpi til urðunar.

Móttaka hefur gengið vel það sem af er ári.


Annað starf hefur sömuleiðis gengið vel. Mikill tími fór í vor í hreinsun svæðis umhverfis urðunarsvæðið, en stífar sunnanáttir í vetur eiga þar sök að máli.

Starfsmannamál hafa gengið vel og hefur tækjabúnaður verið án vandræða (Tækjamál standa vel).

Frágangi á á gamla sláturhólfinu er að mestu lokið og undirbúningur svæðis fyrir áætlaðar framkvæmdir gengur vel.



Mynd 1. Sorpmagn miðað við fyrstu 6 mánuði ársins samanborið við árin 2018-2022 sýnir að magn sorps til urðunar er svipað og verið hefur. Samsetning sorpsins er hinsvegar að breytast.



Mynd 2. Urðun hefur verið minni yfir tímabilið apríl-júní 2023 samanborið við árið 2022.



Mynd 3. Á myndinni kemur fram upptökusvæði og magn úrgangs til urðunar á fyrri helmingi árs 2023.

Umræður fóru fram á fundinum um að leggja klæðningu á heimreið að urðunarsvæði, alls um 1 km. Stjórn felur Elvari Bjarka að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum og veitir honum jafnframt heimild til þess að leita samninga við verktaka við Þverárfjallsveg varðandi lagningu klæðningar á umræddum vegarslóða.

5. Starfsmannamál (trúnaðarmál)

.....

6. Önnur mál

Almennar umræður um lausnir í úrgangsmálum.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið kl. 16.25

Magnús B. Jónsson

Hrefna Jóhannesdóttir

Sveinn Úlfarsson

Snorri Finnlaugsson